158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 430 — 338. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um framfylgd ályktana Vestnorræna ráðsins árið 2026.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að framkvæmd fjögurra ályktana Vestnorræna ráðsins sem samþykktar voru á ársfundi ráðsins 1.–3. september 2026 um samvinnu um varðveislu menningarminja (nr. 1/2026), um samvinnu vestnorrænu landanna um verndun AMOC-hafstraumakerfisins (nr. 2/2026), um velferð og framtíð ungs fólks á Vestur-Norðurlöndum (nr. 3/2026) og um stuðning við samstarf samtaka hinsegin fólks á vestnorræna svæðinu (nr. 4/2026).

Greinargerð.

Á ársfundi Vestnorræna ráðsins árið 2026, sem haldinn var á Akureyri dagana 1.–3. september, voru samþykktar fjórar ályktanir.

Í þeirri fyrstu (nr. 1/2026) er lagt til að vestnorrænir menningarmálaráðherrar og umhverfis- og loftslagsráðherrar hittist til að ræða aukið samstarf um vernd, varðveislu og söfnun upplýsinga um menningarminjar landanna þriggja. Lagt er til að formleg tengsl milli landanna þriggja á sviði stjórnsýslu, skráningar og þekkingarmiðlunar verði styrkt, að samstarf vestnorrænu landanna um skráningu menningarminja, þar sem minjarnar hafa verið kortlagðar, verði eflt og að löndin vinni saman að vöktun og varðveislu menningarminja sem eru í bráðri hættu vegna sjávarrofs og hlýnunar á norðurslóðum.

Menningarminjar eru mikilvægur hluti af sögu og menningu Vestur-Norðurlanda. Löndin þrjú eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta af því að vernda og varðveita þennan arf og miðla þekkingu milli landanna. Staðbundin þekking getur þar gegnt mikilvægu hlutverki.

Í annarri ályktuninni (nr. 2/2026) er lagt til að vestnorrænir umhverfis- og loftslagsráðherrar fundi um AMOC-hafstrauminn og hafstrauma í Norður-Atlantshafi og um mögulegt samstarf um söfnun og miðlun upplýsinga. Þá er lagt til að ráðherrar sem fara með vísindamál ræði mögulegt samstarf um rannsóknir á AMOC-hafstraumnum og að tekið verði mið af staðbundinni þekkingu, þar á meðal þekkingu veiðimanna og ungs fólks.

Hafstraumar í Norður-Atlantshafi hafa mikla þýðingu fyrir umhverfi, veðurfar og lífríki Vestur-Norðurlanda. Sameiginlegt rannsóknasamstarf og miðlun upplýsinga getur því skipt miklu máli við að auka þekkingu á þróun hafstrauma og mögulegum áhrifum þeirra á samfélög landanna.

Í þriðju ályktuninni (nr. 3/2026) er lagt til að löndin þrjú eigi samstarf um sameiginlegar áskoranir sem tengjast því að vera ungur á Vestur-Norðurlöndum og búa í litlum samfélögum og um leiðir að árangri. Áhersla er m.a. lögð á miðlun þekkingar um samfélagsmiðla, snemmtæka íhlutun og geðheilbrigði, lágþröskuldaþjónustu, aðgerðir gegn einelti, ofbeldi og misnotkun, menntun í heimabyggð og úrvinnslu sameiginlegs áfalls vegna nýlendustefnu.

Ungt fólk í löndunum þremur býr við ýmsar sameiginlegar áskoranir sem tengjast smæð samfélaganna og fjarlægðum. Með samstarfi og miðlun reynslu geta löndin lært hvert af öðru

og þróað leiðir til að bæta stuðning og tækifæri ungs fólks. Mikilvægt er jafnframt að ungt fólk taki þátt í samstarfinu á öllum stigum.

Í síðustu ályktuninni (nr. 4/2026) er lagt til að landsstjórn Færeyja, Naalakkersuisut á Grænlandi og ríkisstjórn Íslands ræði sameiginlegar áskoranir hinsegin fólks á Vestur-Norðurlöndum við LGBT+ Føroyar, Sipineq+ og Samtökin ’78 og styðji við miðlun þekkingar og reynslu milli samtakanna. Markmiðið er að efla starf þeirra og stuðla að því að sameiginlegar áskoranir verði teknar til umfjöllunar í landsbundnum aðgerðaáætlunum gegn mismunun og fordómum.

Smæð samfélaganna getur skapað sérstakar áskoranir fyrir hinsegin fólk, m.a. hvað varðar sýnileika, aðgengi að stuðningi og þjónustu og tengsl við aðra í sambærilegri stöðu. Samstarf samtakanna og stjórnvalda í löndunum þremur getur stuðlað að miðlun reynslu og þekkingar og styrkt aðgerðir gegn mismunun og fordómum.